

Nd.

182. Nefndarálit

[136. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 26. nóv. 1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um frv. á fundum sínum, kallað á sinn fund fulltrúa sveitarfélaga, m. a. stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar, Hafnarfjarðar, forstöðumanns Fasteignamats ríkisins svo og fulltrúa ríkisskattstjóra.

Fulltrúar sveitarfélaga hafa einróma mótmælt afskiptum ríkisvaldsins af málefnum sveitarfélaga er fram koma í 4. gr. frv. Félagsmálanefnd er sammála um að fasteignagjöld eru skv. lögum alfarið tekjustofn sveitarfélaga, álagning þeirra því alfarið á ábyrgð kjörinna sveitarstjórnarmanna — afskipti ríkisvaldsins af þessum tekjustofni umfram það, sem lög heimila, gangi gegn yfirlýstri stefnu stjórnvalda um sjálfstæði sveitarfélaga.

Jafnframt er upplýst að öll þau sveitarfélög, er frumvarpið tekur til skv. 4. gr., hafa ákveðið lækkun fasteignagjalda sem gengur lengra en ákvæði frv. gera ráð fyrir.

Félagsmálanefnd flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali, viðauka við 2. gr. varðandi 43. gr. laganna og að 4. grein falli út.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Alþingi, 16. des. 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir,
form.

Friðrik Sophusson.

Jóhann Einvarðsson,
fundaskr.

Eggert Haukdal.

Guðmundur J. Guðmundsson.

Alexander Stefánsson,
frsm.

Steinþór Gestsson.